# ASKA GUESTHOUSE
# BÁRUGATA 11
# VESTMANNAEYJAR

## STAÐGREINIR: 8000-1-07130110
## LANDNÚMER: 160288




1 AFSTÖÐUMYND
Scale: 1:500 @ A3

LÝSING:
Sótt er um stækkun á 2. hæð yfir núverandi steyptum útveggi grunnhæðar að aftanverðu húsi, ásamt, endurgerð á innviði húsins fyrir 8 herbergja gistiheimili. Á grunnhæð verður innangengt frá götu, frá göngustíg að norðaverðu, og nýjum útipalli fyrir aftan hús, inn í móttöku og kaffihús. Einnig á grunnhæð er eldhús, starfsmannaaðstaða ásamt einu svefnherbergi og baðherbergi sem er aðgengilegt fyrir fatlaða. Á annarri hæð eru sjö herbergi samtals, þrjú herbergi verða í núverandi herbergjum hornhúsins, og hin fjögur í hliðarhúsi ásamt baðaðstöðu. Í risi á hornhúsi er skrifstofa og geymsla, og í hliðarhúsi er tvö svefnloft sem eru innangeng frá herbergjum að neðan. Samtals eru fjögurtíu svefnpláss í gistiheimilinu. Hús er byggt árið 1949.

Öll lokuð rými verða loftræst samkvæmt ákvöðum byggingarreglugerðar.

FRÁGANGUR ÚTI
Núverandi útveggir húss eru ýmist staðsteyptir eða timburveggir. Stækkun á húsi mun verða gert með timburverki með ásrúfaðri klæðning sem mun passa við núverandi bárujárns klæðningu. Einangrun er á milli timburstoða þar sem á við en innan á steyptum veggjum. Allt efnisval verður í flokki 1.

Þak yfir stækkun mun hafa 7° halla. Þak klæðning mun vera aðskilin frá rakaskilum með uppbyggingu gerða úr 2x4 tommu timbri og ¾ tommu krossviðsklossum.

FRÁGANGUR INNI
Léttir innveggir eru almennt málaðir og eru 147mm gipsveggir með tvöföldu 13mm gifslagi hvoru megin á 95mm blikkstoðum með steinullareinangrun. Loft eru almennt sandspösluð og máluð. Gólf verður timbur golf og hiti í ofnum við glugga. Niðurföll verða í öllum votrýmum. Öll lokuð rými verða loftræst.

SORP
Sorp er staðset fyrir aftan hús og verður aðgengilegt með nýjum stíg sem mun verða lagður í gegnum lóð.

LÓÐ
Stærð lóðar er 447.8 m² og er ætlað undir íbúðir og atvinnuhúsnæði.

STÆRÐIR (birt stærð alls):
Núverandi hús: 409.8 m²
Stækkun: 35.1 m²
Eftir stækkun: 445.4 m²

BRUNAHÓLFUN
Brunahólfun er almennt a.m.k. EI60 veggir með EIS30/EICS30/ECS30 hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.

EFNI
Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Þakklæðningar verða í a.m.k. í flokki T.

FLÓTTALEIÐIR
Hvergi verður lengra en 25m í útgang eða annað brunahólf. Frá hverju brunarhólkfi er a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Hurðir að flóttastigahúsi skulu búnar neyðarhúnum skv. ÍST EN 179:1997.

BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu skv. Reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í móttöku gistiheimilis.

LOFTRÆSIKERFI
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Bruna- og reyklokur verða almennt þar sem loftræsikerfi fara á milli brunasamstæðna. Við brunaboð skulu bruna- og/eða reyklokur lokast. Loftræsikerfi skal slökkva á sér við boð frá brunaviðvörunarkerfi. Loftræsing verður útfærð nánast á síðari hönnunarstigum.

SLÖKKVITÆKI
Slökkvitæki skulu staðsett í/við tæknirými og önnur brunahólfum þar sem aukin hætta er á eldi. Slökkvitækin skulu sett upp í samvinnu við slökkvilið á staðnum.

ÚT- OG NEYÐARLÝSING
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. Byggingarreglugerð. Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.

EFTIRLIT OG VIÐHALD BRUNAVARNARKERFA
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnarkerfum hússins.

SHIFT AS

B1 2014.02.26

Project: ASKA GUESTHOUSE BÁRUGATA 11 VESTMANNAEYJAR

Drawn by: AS
Reviewed by: AS
Date: 2013.11.24
Scale: 1:100 @ A3

GRUNNMYND ...HÆÐ

A-101.00